

## UMHVERFISSTEFNA NORÐURORKU

---

Norðurorka er veitufyrirtæki sem þjónustar heimili og atvinnulíf með vinnslu og dreifingu á heitu vatni og neysluvatni, dreifingu á raforku og rekstri fráveitu.

Norðurorka vill vera í fararbroddi í umhverfismálum með gildi fyrirtækisins, *Virðing – Fagmennska – Traust*, að leiðarljósi. Fyrirtækið vill leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum starfseminnar á umhverfið, m.a. með því að:

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfseminni og leita einnig annarra leiða til að minnka **kolefnissporið**.
- Nota **endurnýjanlegar auðlindir** og náttúruleg efni í starfseminni og koma í veg fyrir sóun á öllum stigum framleiðslu og þjónustu.
- Fylgjast með **orkunotkun** og leitast við að draga úr henni, bæði á hönnunar- og framkvæmdastigi sem og í öllum rekstri.
- Vinna að bættri **orkunýtingu** og öflun sjálfbærrar orku.
- Draga úr álagi á **fráveitukerfi** með því að fyrirbyggja að mengandi efni berist í fráveituvatn.
- Hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi við öll **innkaup**, m.a. með því að velja umhverfismerktar vörur og þjónustu.
- Draga úr myndun **úrgangs** í starfseminni og auka áherslu á endurnotkun og endurvinnslu.
- Stuðla að **gróðurvernd** á umráðasvæðum Norðurorku og góðri umgengni við náttúruna.
- **Flétta umhverfissjónarmið** inn í öll verkefni og áætlanir fyrirtækisins.

Norðurorka leitast við að uppfylla ætíð skilyrði og kröfur þeirra laga og reglugerða sem gilda um starfsemi fyrirtækisins og gerir enn betur þar sem slíkt er mögulegt.

Unnið verður að stöðugum úrbótum í umhverfismálum fyrirtækisins og árangri á því sviði miðlað til almennings árlega.

Umsjón með umhverfismálum og framfylgni umhverfisstefnunnar verður í höndum umhverfisstjóra fyrirtækisins. Stefnan sé ætíð kynnt starfsfólki, verktökum og birgjum fyrirtækisins.